


**Næringarefni í sjó  
undan Ánanaustum í  
nóvember 1995**

**Unnið fyrir Gatnamálastjórnann  
í Reykjavík**

**Jón Ólafsson, Magnús Danielsen,  
Sólveig Ólafsdóttir, Þórarinn Arnarson**





**NÆRINGAREFNI Í SJÓ UNÐAN ÁNANAUSTUM Í NÓVEMBER 1995**

Unnið fyrir Gatnamálastjórnann í Reykjavík

Jón Ólafsson  
Magnús Danielsen  
Sólveig Ólafsdóttir  
Þórarinn Arnarson



## EFNISYFIRLIT

	Inngangur .....	3
1	Rannsóknir á sniði út frá Ánanaustum 8. nóvember .....	3
1.1	Sýnasöfnun .....	3
1.2	Efnagreiningar .....	3
1.3	Niðurstöður .....	5
1.3.1	Selta .....	5
1.3.2	Uppleystur kísill .....	5
1.3.3	Uppleyst súrefni .....	7
1.3.4	Uppleyst ólífræn nitursambönd .....	9
1.3.5	Uppleyst fosfat .....	9
1.3.6	Heildarstyrkur uppleystra fosfór- og nitursambanda .....	10
1.3.7	Fosfór og nitur í gruggi .....	12
2	Dreifing efna í yfirborði 28. nóvember .....	14
2.1	Sýnasöfnun .....	14
2.2	Efnagreiningar .....	14
2.3	Niðurstöður .....	14
2.3.1	Selta .....	14
2.3.2	Uppleystur kísill .....	16
2.3.3	Uppleyst súrefni .....	18
2.3.4	Uppleyst ólífræn nitursambönd .....	20
2.3.5	Uppleyst fosfat .....	22
2.3.6	Heildarstyrkur uppleystra fosfór- og nitursambanda .....	22
2.3.7	Fosfór og nitur í gruggi .....	24
3	Dreifing efna með dýpi 28. nóvember .....	26
4	Lokaorð .....	26
	Heimildir .....	27

Viðaukar

Viðauki I	Niðurstöður efnagreininga á sýnum frá rannsókn á sniði 8. nóvember
Viðauki II	Hitastig og selta með dýpi á stöðvum 1-12 þann 8. nóvember
Viðauki III	Niðurstöður efnagreininga á sýnum frá dreifingarrannsókn 28. nóvember



## Inngangur

Verk þau sem hér greinir frá voru unnin fyrir Gatnamálastjórnin í Reykjavík. Þau voru hluti umhverfissrannsókna vegna skulpútrása sem munu liggja út frá Ánanaustum. Verkið var tvíþætt. Fyrri hlutinn var bakgrunnsrannsókn og fólst í því að mæla núverandi styrk efna og meta þætti sem hafa áhrif á efnadreifingu á 6 km löngu sniði út frá landi þar sem fyrirhuguð skulpútrás mun liggja. Á sniðinu var safnað upplýsingum frá yfirborði til botns á 12 stöðum út frá landinu. Þetta var gert 8. nóvember 1995, en á þeim árstíma er þess að vænta að lífríkið sé komið í vetrarham, þ.e. að tillífun og upptaka gróðurs á næringarefnum sé í lágmarki og dreifing þessara efna og styrkur ráðist fyrst og fremst af ákomu (aðstreymi) og blöndun vegna strauma og vinda.

Síðari hlutinn var kortlagning á styrk efna í yfirborði sjávar eftir að um 600 sekúndulítrar af skolpi hafði verið losað um skeið í sjó um útrás sem var um 500 m frá landi. Þetta var gert 28. nóvember 1995 á sem skemmstum tíma svo dreifing efna bjagaðist sem minnst vegna sjávarfalla.


## 1. Rannsóknir á sniði út frá Ánanaustum

### 1.1 Sýnasöfnun


Þann 8. nóvember var farið á m/b Bláskel og hófst söfnun yst á sniðinu (1. mynd) kl. 12.37 og lauk henni á 12. stöð kl 17.11. Þennan dag var stórstreymt, fjara kl. 12.59 (0,4 m) og flóð kl. 19.01 (3,7m). Auk meginsniðs út frá landi var safnað á þriggja stöðva þversniði 3500 m frá grynustu stöð. Notaðir voru Hydro-Bios sjótakar og sjávarhiti mældur með vendimælum. Jafnframt var sjávarhiti og selta mæld frá yfirborði til botns með CTD-tæki. Á hverri stöð var yfirborðssýnum safnað til BOD (Biological Oxygen Demand) og COD (Chemical Oxygen Demand) greininga á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Alls var safnað var 45 sjósýnum til greininga á seltu, uppleystu súrefni, ammóníaki, fosfati, nítríti, nítrati og kísli í upplausn sem og til greininga á heildarstyrk fosfór og nitursambanda í upplausn. Ennfremur voru tekin sýni til síunar og greininga á nitri og fosfór í gruggi.

### 1.2 Efnagreiningar

Mælingar á efnum í upplausn hófust strax að lokinni sýnasöfnun og var beitt marggreindum aðferðum sem notaðar eru á sjó. Rétt er að geta þess að þegar nítrat er mælt telst einnig með það nítrít sem er í sýninu en venjulega er styrkur þess lítil í samanburði við nítrat.



1. mynd Stöðvar á sniði 8. nóvember. Staðsetningar eru í Viðauka I.



2. mynd Dreifing seltu á sniði 8. nóvember



Heildarstyrkur uppleystra fosfór- og nitursambanda var ákvarðaður eftir oxun sýnanna með útfjólublárrí geislun. Við oxunina fer fosfór og nitur í uppleystum lífrænum samböndum í fosfat og nítrat form. Magn fosfórs og niturs í gruggi var ákvarðað eftir niðurbrot í sjóðandi brennisteinssýru og peroxíði. Niðurstöður efnagreininga eru í Viðauka I. Styrkur efna er í  $\mu\text{mól/l}$  og er þá miðað við frumefnið, P, N eða Si. Selta er án eininga.

### 1.3 Niðurstöður

#### 1.3.1 Selta


Það sem ræður seltu á sniðinu er annars vegar aðstreymi sjávar frá innanverðum Faxaflóa og hins vegar fersvatnsrennsli af landi, en það berst til sjávar með ám og lækjum ellegar eftir útrásum frá byggð, þ.e. með skolpi.

Niðurstöður seltuferla CTD-tækisins (2. mynd, Viðauki II) sýna að yst á sniðinu var seltan um 34,5 og að ferskvatnsáhrifa frá landi gætti mest við yfirborð og lítt neðan 5 m dýpis. Lægsta seltan, um 34,1 á stöðvum 4, 8 og 9, sýnir mikla blöndun ferskvatnsins við sjó. Þar eð lægsta seltan samkvæmt CTD-mælingum var í þunnu yfirborðslagi (2. mynd, Viðauki II), og sýnum til efnagreininga var safnað með sjótökum sem taka um 50 cm vatnssúlu á hverjum stað þá voru engin sjósýni með svo lágrí seltu sem CTD-tækið greindi. Lægsta selta í sýni til efnagreininga var á 12. stöð 34,27.


#### 1.3.2 Uppleystur kísill

Vegna efnaveðrunar landsins er styrkur uppleysts kísils í vatni sem fellur til sjávar almennt mun hærri en í sjó. Í köldu vatni hér á landi er kísilstyrkurinn oftast á bilinu 150-250  $\mu\text{mól/l}$ . Í köldu vatni á Gvendarbrunna-, Myllulækjar- og Jaðarssvæðum er kísilstyrkurinn um 220  $\mu\text{mól/l}$  en í jarðhitavatni miklu hærri. Samkvæmt upplýsingum frá Hitaveitu Reykjavíkur er veginn meðalstyrkur í hitaveituvatni sem notað er í Reykjavík um 101 ppm  $\text{SiO}_2$  eða 1690  $\mu\text{mól/l}$ .


Yst á sniðinu var kísilstyrkurinn um 8  $\mu\text{mól/l}$  og er það í góðu samræmi við niðurstöður athugana 1966-1967 á stöð í innanverðum Faxaflóa (Unnsteinn Stefánsson og Jón Ólafsson, 1991). Nær landi hækkar kísilstyrkurinn með lægrí seltu (3. mynd) og tengsl þessara þátta (4. mynd) benda til þess að þegar selta er 0 þá sé kísilstyrkurinn um 480  $\mu\text{mól/l}$  eða, að seltulækkunin geti stafað af blöndu kalds vatns og hitaveituvatns. Auk þess bendir dreifing hæstu kísilgildanna, frá 12. stöð, út frá línulegu samhengi til meiri áhrifa hitaveituvatns í blöndunni á þeim stað.



3. mynd Dreifing uppleysts kísils á sniði 8. nóvember,  $\mu\text{mól/l}$



4. mynd Tengsl seltu og uppleysts kísils á sniði 8. nóvember.  $S_i = -13.71S + 480.8$  ( $r^2 = 0.655$ )




5. mynd Súrefnismettun (%) á sniði 8. nóvember


### 1.3.3 Uppleyst súrefni

Selta og hitastig ráða uppleysanleika súrefnis í sjó. 5. mynd sýnir að yst á sniðinu var sjórinn um 85% mettaður af súrefni en metnunin lækkaði í tæp 82% næst landi þar sem mestra ferskvatnsáhrifa gætti. Ástæða um það bil 15% undirmettunar í nóvember er tvíþætt. Annars vegar rotnun lífrænna leifa frá sumrinu eða úr skolpi og hins vegar ör kólnun sjávar á þessum árstíma. Við kólnun eykst uppleysanleiki súrefnis en flæði þess úr lofti í sjó er mjög háð vindum og hefur tíðum ekki við aukningu mettanleikans. Lækkun sú sem kemur fram við lækkandi seltu næst landi stafar trúlega af áhrifum skolps sem er súrefnissnautt og ríkt af lífrænum efnum sem krefjast súrefnis til niðurbrots, rotnunar.


Rannsóknir 1966-1967 á stöð í innanverðum Faxaflóa (Unnsteinn Stefánsson og Jón Ólafsson, 1991) sýndu að þar var súrefnismettun á 20 m dýpi um 80% síðla sumars en náði 95% metnun um miðjan vetur. Líklegt má telja að er líður fram á vetur nái súrefnismettun yst á sniðinu einnig 95%.



6. mynd Dreifing ammóníaks á sniði 8. nóvember,  $\mu\text{mol/l}$




7. mynd  
Tengsl seltu og ammóníaks á sniði  
8. nóvember.  
 $\text{NH}_4 = -6,681S + 231,3$  ( $r^2 = 0,689$ )




8. mynd  
Tengsl kísils og ammóníaks á sniði  
8. nóvember.  
 $\text{NH}_4 = 0,456\text{Si} - 2,588$  ( $r^2 = 0,922$ )

### 1.3.4 Uppleyst ólífræn nitursambönd

Til uppleystra ólífrænna nitursambanda teljast ammóníak, nítrít og nítrat. Uppleyst ammóníak var um  $1 \mu\text{mól/l}$  yst á sniðinu (6. mynd) og er sá styrkur eðlilegur náttúrulegur bakgrunnur á þessum árstíma. Á grynstu stöð mældist hæst ammóníak,  $3,3 \mu\text{mól/l}$ , og líkt kísli eru tengsl við seltu þannig að við seltu 0 væri ammóníakstyrkurinn  $231 \mu\text{mól/l}$  (7. mynd). Sterk tengsl voru milli ammóníaks og kísils sem bendir til sameiginlegs aðflæðis þessara efna (8. mynd). Styrkur uppleysts nítríts á sniðinu var bæði lágur,  $0,40\text{-}0,50 \mu\text{mól/l}$ , og breyttist lítt með seltu þó að hæsta gildið væri á grynstu stöð þar sem seltan var lægst (9. mynd). Sömuleiðis var nítratstyrkur mjög jafn á sniðinu,  $9,4\text{-}10,0 \mu\text{mól/l}$ , og hafði enga marktæka fylgni við seltu (10. mynd). Nítrat er það nitursamband sem mest er af í sjó og rannsóknir 1966-1967 á stöð í innanverðum Faxaflóa (Unnsteinn Stefánsson og Jón Ólafsson, 1991) sýndu að þar var styrkurinn að vetrarlagi  $10\text{-}11 \mu\text{mól/l}$ .



9. mynd  
Tengsl seltu og nítríts á sniði 8. nóvember.  
 $\text{NO}_2 = -0,181S + 6,65$  ( $r^2 = 0,263$ )




10. mynd  
Tengsl seltu og nítrats á sniði 8. nóvember.  
 $\text{NO}_3 = 0,279S + 0,204$  ( $r^2 = 0,007$ )


### 1.3.5 Uppleyst fosfat

Uppleyst fosfat er það fosfórsamband sem mest er af í sjó. Í innanverðum Faxaflóa er styrkur þess að vetrarlagi um  $0,9 \mu\text{mól/l}$  (Unnsteinn Stefánsson og Jón Ólafsson, 1991) en á sumrin getur það nánast horfið úr upplausn vegna tillífunar þörunga. Á sniðinu var styrkur þess allbreytilegur eða á bilinu  $0,54\text{-}0,92 \mu\text{mól/l}$  en í engum tengslum við seltu (11. mynd) og

tölfræðileg tengsl við uppleystan kísil voru ekki marktæk en hæstu tvö gildin (frá grynnsu stöð) leiða þó líkur að sameiginlegu aðstreymi (12. mynd) enda er fosfat í skolpi bæði sem lífrænn úrgangur og komið úr þvottaefnum.



11. mynd  
Tengsl seltu og fosfats á sniði 8. nóvember.  
nóvember.  
 $PO_4 = -0,262S + 9,75$  ( $r^2 = 0,036$ )




12. mynd  
Tengsl kísils og fosfats á sniði 8.  
nóvember.  
 $PO_4 = 0,033Si + 0,42$  ( $r^2 = 0,165$ )

### 1.3.6 Heildarstyrkur uppleystra fosfór- og nitursambanda


Auk uppleystra ólífrænna fosfór og nitursambanda eru í sjó lífræn sambönd þessara frumefna. Þau geta verið af náttúrulegum uppruna eða hafa borist í sjó með skolpi. Það má ráða af gildum í 1. töflu að uppleyst lífræn fosfórsambönd bæta 12% við þann fosfór sem er sem fosfat í sjónum en hliðstæð lífræn nitursambönd auka 52% við það nitur sem er þar sem níturat+nítrít.

1. tafla Yfirlit um uppleyst fosfór og nitursambönd á sniði 8. nóvember.  
Styrkur í  $\mu\text{mól/l}$ .


	Fosfat	Heildar uppleyst fosfórsambönd	Níturat+ nítrít	Heildar uppleyst nitursambönd
Lággildi	0.54	0.70	9.42	13.74
Hágildi	0.92	0.98	9.98	17.80
Meðaltal	0.74	0.83	9.79	14.84



13. mynd  
Tengsl heildarstyrks uppleystra fosfór og nitur-  
sambanda  
 $\Sigma N = -2,64\Sigma P + 17,03$  ( $r^2 = 0,043$ )



14. mynd  
Tengsl kísils og heildarstyrks uppleystra  
nitursambanda  
 $\Sigma N = 0,261Si + 12,4$  ( $r^2 = 0,097$ )




15. mynd  
Tengsl heildarstyrks uppleystra fosfórsambanda  
og kísils.  
 $\Sigma P = 0,033Si + 0,51$  ( $r^2 = 0,258$ )

Það eru lítil innbyrðis tengsl milli heildarstyrks uppleystra fosfór og nitursambanda (13. mynd) eða milli uppleystra nitur- eða fosfórsambanda og uppleysts kísils, sem líta má á sem eitt einkennisefna skolps (14. og 15. mynd).


### 1.3.7 Fosfór og nitur í gruggi

Grugg í sjónum á sniðinu getur hafa átt ýmsan uppruna, t.d. úr skolpi eða uppgruggun af botni. Það sem gruggast upp af botni getur verið af lífrænum toga eða ólífrænum, t.d. leiragnir. Fosfór í gruggi getur bæði tengst lífrænum og ólífrænum þáttum í grugginu en nitur er aðallega bundinn lífrænum efnum. Magn fosfórs í gruggi á sniðinu var mjög breytilegt, samsvaraði 0,05-1,09  $\mu\text{mól/l}$ , og magn niturs í gruggi var einnig breytilegt, samsvaraði 0,1-6,7  $\mu\text{mól/l}$ . Mest var af bæði fosfór og nitri á grynnsu stöðinni (16. mynd) og styrkur þeirra fylgist allvel að (17. mynd). Ennfremur vex styrkur þeirra með uppleystum kísli svo telja má líklegt að gruggið á sniðinu hafi að verulegu leyti verið komið frá skolpi (18. og 19. mynd). Það ber þó að hafa í huga að kísill í upplausn dreifist og blandast í sjó á annan hátt en grugg sem er samsett úr misstórum ögnum sem hafa tilhneigingu til að sökkva og fylgja því blöndun vökvans aðeins að takmörkuðu leyti. Ólíklegt er að hámark niturs í gruggi sem kom fram á 16 m dýpi á stöð 6 (16. mynd) sé beint úr skolpi því þar var styrkur ammóníaks og kísils lágur. Grugg á þessum stað hefur líklega komið úr seti sem straumar þyrta af botni.




16. mynd Dreifing niturs í gruggi 8. nóvember,  $\mu\text{mól/l}$






17. mynd  
Tengsl fosfórs og niturs í gruggi.  
 $N=5,29P+0,85$  ( $r^2=0,608$ )



18. mynd  
Tengsl uppleysts kísils og niturs í gruggi  
 $N=0,641Si-4,23$  ( $r^2=0,277$ )



19. mynd  
Tengsl uppleysts kísils og fosfórs í gruggi.  
 $P=0,129Si-1,04$  ( $r^2=0,519$ )

## 2. Dreifing efna í yfirborði 28. nóvember

Til að styrkja frekar vitneskju um þá þætti sem ráða dreifingu skolps var 25.-29. nóvember 1995 aukið rennsli úr bráðabirgðautrás við Ánanaust svo þar flæddu að jafnaði um 600 l/s (Verkfræðistofan Vatnaskil, 1996). Með sýnasöfnun úr yfirborði sjávar, á svæði milli Seltjarnarness og Engeyjar, var stefnt að því að afla vitneskju um dreifingu og þynningu skolpsins.

### 2.1 Sýnasöfnun

Þann 28. nóvember var farið á m/b Bláskel og hófst söfnun á stöð 21 (20. mynd a, b) kl. 11.02 og lauk henni á stöð 91 kl. 17.07. Þennan dag var flóð í Reykjavík kl. 10.41 og fjara kl. 17.01. Öllum sýnum var því safnað á útfalli. Sýnum af sjó var safnað úr yfirborði í 5 lítra kút með krana. Á fjórum stöðum, 92, 93, 94 og 95 (Viðauki III), sem samsvara stöðvum 12, 11, 10 og 9 þann 8. nóvember, var einnig safnað sýnum dýpra (þó aðeins úr yfirborði á grynna stað, 92) og voru þá notaðir Hydro-Bios sjótakar. Á hverri stöð var yfirborðssýnum safnað fyrir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins til BOD og COD greininga og örverugreininga. Samtals var safnað 79 sjósýnum til greininga á seltu, uppleystu súrefni, ammóníaki, fosfati, nitríti, nitrati og kísli í upplausn sem og til greininga á heildarstyrk fosfór- og nitursambanda í upplausn. Ennfremur voru tekin sýni til síunar og greininga á agnabundnu nitri og fosfór.



### 2.2 Efnagreiningar

Mælingar á efnum í sjó hófust strax að lokinni sýnasöfnun með þeim aðferðum sem greint er frá í grein 1.2. Auk greininga á sjósýnum var uppleystur kísill greindur í 13 sýnum af skolpi sem safnað var á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins úr dælustöð við Ánanaust 26.-27. nóvember. Niðurstöður efnagreininga eru í Viðauka III.


### 2.3 Niðurstöður

#### 2.3.1 Selta

Selta á svæðinu var hærri en 34 á stórum hluta þess (21. mynd) en lægri en 34 yst á vesturhluta athuganasvæðisins og innan geira sem teigðist frá skolpútrásarsvæðinu til hafs milli Seltjarnarness og Akureyjar. Þar mældist lægst selta, 32,916. Þetta bendir til mikillar útþynningar og að þar sem seltan var lægst hafi einungis verið 3% ósalt vatn, þ.e. skolp.



20. mynd a) Stöðvar í könnun á dreifingu efna í yfirborði sjávar 28. nóvember.  
 b) Athuganatími við könnun á dreifingu efna í yfirborði sjávar 28. nóvember.




21. mynd Dreifing seltu í yfirborði 28. nóvember


### 2.3.2 Uppleystur kísill

Svo sem gert var grein fyrir í 1.3.2 er styrkur kísils í fullsöltum sjó lágur og blöndun við ferskt vatn sem fellur til sjávar leiðir til lækunar seltu en hækkunar á uppleystum kísli. Ennfremur leiðir notkun jarðhita til hitunar húsa í Reykjavík, og meðfylgjandi jarðhitavatn í frárennsli, til þess að hár kísilstyrkur er eitt helsta einkenni skolpsins. Styrkurinn er þó ekki jafn ( $444\text{--}792\ \mu\text{mól/l}$ ) því hann sveiflast eftir hutfallslegri notkun á heitu og köldu vatni og er hæstur um kl. 6 að morgni og að meðaltali  $600\ \mu\text{mól/l}$  (Verkfræðistofan Vatnaskil, 1996). Meðal klóríð styrkur skolpsins var  $55,6\ \text{mg/l}$  (Guðjón A. Auðunsson, óbirt gögn) sem svarar seltu nálægt 0,1. Þar eð selta getur lækkað vegna blöndunar sjávar við annað ósalt vatn en skolp þá má nýta háan auðkennisstyrk kísils í skolpi til að greina með allnákvæmum hætti sjó sem blandast hefur skolpi frá sjó sem blandast öðru afrennsli til sjávar.

Lægstur kísilstyrkur, um  $10\ \mu\text{mól/l}$ , var í sjó með seltu um 34,5, en hæstur í grennd við skolpútrásina  $45,7\ \mu\text{mól/l}$ . Þaðan lækkaði kísilstyrkurinn við blöndun við sjó en hár kísilstyrkur var í tungu sem teigðist til hafs (22. mynd). Kísilstyrkurinn var hærri við Engey en Akurey og kann ástæða þess að vera sú að sjór við Engey beri áhrif skolpútrásar við Laugarnes. Tengsl seltu og kísils (23. mynd) leiða í ljós að yfirborðssjór á svæðinu er blandaður tvenns




22. mynd Dreifing kísils í yfirborði 28. nóvember,  $\mu\text{mol/l}$



23. mynd Tengsl seltu og kísils. Mæld gildi eru merkt stöðvarnúmeri. Yfirborðsjór á svæðinu blandast tvenns konar ferskvatni frá landi. Neðri línan ( $\text{Si} = -3,469 \text{ S} + 130,7$ ) sýnir sjó á stöðvum 43, 44, 45, 46, 47, 48, 49, 50, 52 og 53 sem blandast fersku vatni með Si styrk 130  $\mu\text{mol/l}$ . Brattari línan ( $\text{Si} = -25,251 \text{ S} + 878,4$ ) er frá öllum öðrum stöðvum og sýnir að víða hefur sjór blandast skolpi sem hefur háan kísilstyrk vegna hitaveituvatns í frárennslinu.


konar ferskvatni, sjórinn yst og vestast hefur blandast ferskvatni með tiltölulega lágum kísilstyrk, en annars staðar á svæðinu er sjór með háan kísilstyrk sem hann hefur fengið frá skolpi með  $876 \mu\text{mól/l}$  af kísli við  $\text{seltu}=0,1$ . Það er heldur hærri styrkur en mældist í sýnum frá dælustöð sem safnað var 26.-27. nóvember. Þar eð líta má á kísilstyrk sem betra einkenni um skolp en seltu verða niðurstöður annarra efnaathugana skoðaðar með hliðsjón af kísilstyrk.




24. mynd Dreifing uppleysts súrefnis í yfirborði 28. nóvember, ml/l

### 2.3.3 Uppleyst súrefni

Styrkur uppleysts súrefnis í yfirborðssýnum var hæstur yst á svæðinu (24. mynd). Að meðaltali var styrkurinn  $6,96 \text{ ml/l}$ , lægstur  $6,32 \text{ ml/l}$  og hæstur  $7,48 \text{ ml/l}$ . Í yfirborðssýnum á sniði þann 8. nóvember var súrefnisstyrkur talsvert lægri, að meðaltali  $5,87 \text{ ml/l}$  ( $5,71\text{-}5,93 \text{ ml/l}$ ). Ástæða þessarar aukningar er flæði súrefnis úr lofti til sjávar og að sjórinn var talsvert undirmettaður 8. nóvember (sjá einnig 1.3.3). Vegna flæðis súrefnis milli lofts og yfirborðs sjávar ræðst súrefnisstyrkurinn aðeins að hluta af blöndun vökva með mismunandi styrk. Tengsl uppleysts kísils og súrefnis (25. mynd) sýna að lægstur súrefnisstyrkur var utan meginútbreiðslusvæðis skolps og að auknum kísilstyrk fylgir lítil lækkun súrefnisstyrks.




25. mynd Tengsl kísils og uppleysts súrefnis 28. nóvember




26. mynd Dreifing ammóníaks í yfirborði 28. nóvember,  $\mu\text{mol/l}$ .

### 2.3.4 Uppleyst ólífræn nitursambönd

Í sjó yst og vestast á svæðinu var ammóníaksstyrkur um 2  $\mu\text{mól/l}$  (26. mynd) og þar sem sá sjór var ekki blandaður skolpi frá Ánanaustadælustöð má líta á þann styrk sem náttúrulegan bakgrunn. Lægsti styrkur var 1.7  $\mu\text{mól/l}$  en sá hæsti 17.0  $\mu\text{mól/l}$ . Dreifing ammóníaks var mjög áþekkt kísildreifingunni og línuleg tengsl eru milli þessara þátta (27. mynd) sem gefa það til kynna að við kísilstyrk 876  $\mu\text{mól/l}$  (óþynnt skolp) ætti ammóníaksstyrkurinn að vera 349  $\mu\text{mól/l}$  en það er í þokkalegu samræmi við mældan heildarstyrk á ammóníaki í frárennsli dælustöðvar 26.-27. nóvember, en það var 6.6 mg/l, jafngildi 471  $\mu\text{mól/l}$  (Verkfræðistofan Vatnaskil, 1996). Við rannsókn á Reykjavíkurskolpi hefur áður komið fram að uppleyst ammóníak er á bilinu 60-90% af heildarstyrknum (Guðjón Atli Auðunsson, 1992).



27. mynd  
Tengsl kísils og ammóníaks  
 $\text{NH}_4=0,401\text{Si}-2,16$  ( $r^2=0,809$ )




28. mynd  
Tengsl kísils og nítríts.  
 $\text{NO}_2=0,004\text{Si}+0,41$  ( $r^2=0,731$ )


Aðeins lítið brot ólífrænna nitursambanda í upplausn er þar sem nítrít. Meðalstyrkur þess var 0.47  $\mu\text{mól/l}$  og styrkurinn spannaði 0.42-0.56  $\mu\text{mól/l}$ . Þó benda línuleg tengsl nítríts við kísil til þess að hluti nítrítsins sé kominn frá skolpi (28. mynd) og að við kísilstyrk 878  $\mu\text{mól/l}$  (óþynnt skolp) ætti nítrítstyrkurinn að vera 3.6  $\mu\text{mól/l}$ .

Með tímanum væri þess að vænta að ammóníak og nítrít úr skolpi oxaðist í nítrat og bættist við þann náttúrulega nítrat+nítrít bakgrunn sem var um 10.8  $\mu\text{mól/l}$  yst og vestast á svæðinu. Þeirrar oxunar gætir þó lítt því nítrat+nítrít styrkurinn var að meðaltali 10.9  $\mu\text{mól/l}$  og spannaði frá 10.7-11.2  $\mu\text{mól/l}$ . Hér ber að minna á að nítrat mæling er í raun mæling á nítríti+nítrati í sýninu. Mjög veik tengsl eru milli kísils og nítrats (nítrats+nítríts) og tengsl nítríts og kísils sem lýst var áður skýra þau að stórum hluta (29. mynd).






29. mynd  
Tengsl kísils og nítrats.  
 $\text{NO}_3 = 0,007\text{Si} + 10,8$  ( $r^2 = 0,187$ )




30. mynd Dreifing fosfats í yfirborði 28. nóvember,  $\mu\text{mol/l}$ .

### 2.3.5 Uppleyst fosfat

Styrkur uppleysts fosfats var um  $0.95 \mu\text{mól/l}$  yst og vestast á svæðinu og þar eð sá sjór var ekki blandaður skolpi frá Ánanaustadælustöð má líta á þann styrk sem náttúrulegan bakgrunn. Meðalstyrkur fosfats var  $1.04 \mu\text{mól/l}$  og styrkurinn spannaði  $0.85\text{-}1.65 \mu\text{mól/l}$ . Fosfatdreifing (30. mynd) var áþekkt dreifingu ammóníaks og kísils og þökkaleg línuleg tengsl kísils og fosfats (31. mynd) vitna um uppruna hluta þess í skolpi og að við kísilstyrk  $878 \mu\text{mól/l}$  (óþynnt skolp) ætti fosfatstyrkurinn að vera  $16.5 \mu\text{mól/l}$ . Öllu nánari línuleg tengsl koma fram milli fosfats og ammóníaks (32. mynd) og hlutfallið  $\Delta\text{N}/\Delta\text{P}$  er  $19.0$  miðað við mól sem jafngildir  $8,6$  sé miðað við þunga. Helstu sérfræðingar um mannlegan úrgang telja að þar sé þetta hlutfall um  $10 \pm 2$  miðað við þunga (sjá: Guðjón Atli Auðunsson, 1992).



31. mynd  
Tengsl kísils og fosfats  
 $\text{PO}_4 = 0,018\text{Si} + 0,74$  ( $r^2 = 0,648$ )



32. mynd  
Tengsl fosfats og ammóníaks  
 $\text{NH}_4 = 19,1\text{PO}_4 - 15,2$  ( $r^2 = 0,878$ )


### 2.3.6 Heildarstyrkur uppleystra fosfór- og nitursambanda

Í 2. töflu er yfirlit um niðurstöður á uppleystum fosfór og nitursamböndum sem voru mæld sem fosfat og nítrat í sjó og heildarstyrk fosfats og nítrats eftir að uppleyst lífræn sambönd höfðu verið oxuð. Þar kemur fram að heildarstyrkur fosfórsambanda er að meðaltali um 11% hærri en fosfatstyrkurinn og að heildarstyrkur uppleystra nitursambanda um 64% hærri en nítrat+nítrít styrkurinn. Þetta er í samræmi við það sem fram kom við rannsókn á sniði 8. nóvember, að hlutfallslega er meira af nitri en fosfór í uppleystum lífrænum samböndum.


2. tafla Yfirlit um uppleyst fosfór og nitursambönd 28. nóvember.  
Styrkur í  $\mu\text{mól/l}$ .

	Fosfat	Heildar uppleyst fosfórsambönd	Nítrat+ nitrít	Heildar uppleyst nitursambönd
Lággildi	0.85	0.73	10.71	13.48
Hágildi	1.65	2.06	11.18	30.60
Meðaltal	1.04	1.15	10.87	17.86


Sterkari innbyrðis tengsl koma hér fram en á Ánanaustasniði (grein 1.3.6) milli heildarstyrks uppleystra fosfór og nitursambanda (33. mynd) og er hlutfallið  $\Delta N/\Delta P = 13.6$  miðað við mól sem jafngildir 6,1 sé miðað við þunga. Nokkur tengsl eru milli þessara sambanda og uppleysts kísils (34. mynd, 35. mynd).



33. mynd  
Tengsl heildarstyrks uppleystra fosfór og nitursambanda  
 $\Sigma N = -13,62 \Sigma P + 2,1$  ( $r^2 = 0,774$ )



34. mynd  
Tengsl kísils og heildarstyrks uppleystra nitursambanda  
 $\Sigma N = 0,328 \Sigma Si + 12,43$  ( $r^2 = 0,520$ )




35. mynd  
Tengsl heildarstyrks uppleystra fosfórsambanda og kísils.


$$\Sigma P = 0,024Si + 0,75 \quad (r^2 = 0,666)$$

### 2.3.7 Fosfór og nitur í gruggi


Í yfirborðssýnunum var magn fosfórs í gruggi breytilegt, samsvaraði 0,06-0,70  $\mu\text{mól/l}$ , og magn niturs í gruggi samsvaraði 0,9-7,8  $\mu\text{mól/l}$ . Styrkur þeirra fylgist allvel að (36. mynd) og er hlutfallið  $\Delta N/\Delta P$  er 7,8 miðað við mól sem jafngildir 3,5 miðað við þunga. Styrkur fosfórs í gruggi fylgir uppleystum kísli slælega (37. mynd) en styrkur niturs heldur skár (38. mynd). Það ber að hafa í huga sem fyrr, að kísill í upplausn dreifist og blandast í sjó á annan hátt en grugg sem er samsett úr misstórum ögnum sem hafa tilhneigingu til að sökkva og fylgja því blöndun vökvans aðeins að takmörkuðu leyti.



36. mynd  
Tengsl fosfórs og niturs í gruggi.  
 $N=7,71P+0,94$  ( $r^2=0,701$ )




37. mynd  
Tengsl uppleysts kísils og fosfórs í gruggi  
 $P=0,015Si-0,04$  ( $r^2=0,625$ )



38. mynd  
Tengsl uppleysts kísils og niturs í gruggi.  
 $N=0,096Si+0,98$  ( $r^2=0,297$ )


### 3. Dreifing efna með dýpi 28. nóvember

Til samanburðar við athuganir á sniði 8. nóvember var safnað sýnum úr yfirborði og dýpra á fjórum stöðum, 92, 93, 94 og 95, sem samsvara stöðvum 12, 11, 10 og 9 þann 8. nóvember. Niðurstöður þessara athugana eru í Viðauka III. Þær sýna að skolp sem barst frá bráðabirgðaútrás við Ánanaust hefur að mestu haldist ofan 5 m dýpis (39. mynd, 40. mynd). Sennilega er dreifingin milli yfirborðs og 5 m dýpis ekki línuleg eins og myndir 39 og 40 gefa til kynna, en þess ber að geta að í verkáætlun var ekki gert ráð fyrir könnun á dreifingu með dýpi.



39. mynd

Styrkur kísils (O) með dýpi á stöð 10, 8. nóvember og á stöð 95 (●) 28. nóvember



40. mynd

Styrkur ammóníaks (O) með dýpi á stöð 10, nóvember og á stöð 95 (●) 28. nóvember

### 4. Lokaorð

Niðurstöður rannsókna á næringarefnum og súrefni á sniði út frá Ánanaustum leiða í ljós að mest áhrif frá núverandi frárennsliskerfi eru næst landi og að skolpið berst út frá landinu í tiltölulega þunnu yfirborðslagi, efstu 5 metrunum. Við aðrar aðstæður, einkum við mikinn vind og öldu, er líklegt að blöndunin nái dýpra og að þynning skolpsins væri jafnframt örari. Merki skolps koma fram í seltu, styrk kísils og ammóníaks en vart í styrk annarra uppleystra næringarefna. Þá koma þau einnig fram í magni fosfórs og niturs í gruggi.

Niðurstöður rannsókna á dreifingu skolps í yfirborði sjávar frá útrás 500 m frá landi sýna að með mælingum á seltu og kísli má greina skolpmengaðann sjó frá öðrum strandsjó. Útbreiðsla efna sem rekja má til skolps kom glögglega fram svo afmarka mátti áhrifasvæðið. Á svæðinu virðist skolp vera helsta írennsli af ósöltu vatni. Að þessu leyti er svæðið frábrugðið t.d. Sundunum þar sem áhrifa gætir frá Elliðaám.

Á grundvelli styrks uppleysts kísils í frárennslinu frá Ánanaustum og af magni kísils í yfirborði á athuganasvæðinu má áætla viðstöðutíma skolps þar. Miðað við 600  $\mu\text{mól/l}$  styrk í skolpinu og 600 l/s flæði þá hefur það fært til sjávar  $3.11 \times 10^{10}$   $\mu\text{mól}$  af kísli á dag. Innan þess svæðis (22. mynd) sem 14  $\mu\text{mól/l}$  jafngildislínan afmarkar var kísilmagnið, að frádregnum 12  $\mu\text{mól/l}$  bakgrunni,  $2.8 \times 10^{10}$   $\mu\text{mól}$  eða samsvarandi 22 stunda skolprensli. Sé hins vegar miðað við að kísilstyrkur í skolpinu hafi verið 876  $\mu\text{mól/l}$ , eins og tengsl seltu og kísils gáfu til kynna (sjá 2.3.2), þá var magn kísils innan 14  $\mu\text{mól/l}$  jafngildislínunnar samsvarandi 15 stunda skolprensli. Sennilega felst í þessum forsendum nokkuð vanmat á kísilmagninu á athuganasvæðinu því einhver blöndum á skolpi og kísli hefur orðið niður fyrir efsta metra sjávarins og kann því viðstaða skolps að vera nokkrum klukkustundum lengri en 15-22 stundir.

## Heimildir

Guðjón Atli Auðunsson, 1992. Efnamælingar í fráveituvatni í Reykjavík. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Skýrsla Rf 9.

Verkfræðistofan Vatnaskil, 1996. Eiðsgrandi. Sjávarmengun frá bráðabirgðaútrás við Ánanaust. Skýrsla 96.02.

Unnsteinn Stefánsson og Jón Ólafsson, 1991. Nutrients and fertility of Icelandic waters. Rit Fiskideildar, 12, 1-56.









NÆRINGAREFNI Í SJÓ UNÐAN ÁNANAUSTUM Í NÓVEMBER 1995.

Viðauki I

Niðurstöður efnagreininga á sýnum frá rannsókn á sniði 8. nóvember

**Viðauki I Niðurstöður efnagreininga á sýnum frá rannsókn á sniði 8. nóvember.**

Stöð nr.	Botn- dýpi (m)	Staðsetning (gg mm.dd)		Tími kl.	Dýpi (m)	Hitu (°C)	Selta (PSU)	Eðlis- þyngd (g/l)	O2 (ml/l)	O2 mettun (%)
		Breidd	Lengd							
1	37	64 12.03	22 00.32	12.37	0	5.97	34.466	1027.14	5.893	84.94
1	"	"	"	"	5	5.98	34.466	1027.13	5.935	85.57
1	"	"	"	"	10	5.98	34.466	1027.13	-	-
1	"	"	"	"	20	5.99	34.467	1027.13	-	-
1	"	"	"	"	30	6.01	34.472	1027.13	5.960	85.99
1	"	"	"	"	35	6.04	34.495	1027.15	5.911	85.36
2	36	64 11.52	21 59.94	13.25	0	5.93	34.400	1027.09	5.873	84.54
2	"	"	"	"	5	5.93	34.405	1027.09	5.908	85.04
2	"	"	"	"	10	5.94	34.410	1027.09	5.925	85.31
2	"	"	"	"	20	5.97	34.411	1027.09	5.885	84.80
2	"	"	"	"	30	6.00	34.461	1027.13	5.915	85.32
3	34	64 11.26	21 59.75	13.59	0	5.87	34.335	1027.04	5.931	85.22
3	"	"	"	"	5	5.88	34.337	1027.04	-	-
3	"	"	"	"	10	5.90	34.349	1027.05	5.949	85.54
3	"	"	"	"	20	5.91	34.381	1027.08	5.860	84.30
3	"	"	"	"	30	5.99	34.447	1027.12	5.948	85.76
4	30	64 11.01	21 59.55	14.30	0	5.85	34.335	1027.05	5.852	84.04
4	"	"	"	"	5	5.89	34.339	1027.04	5.910	84.96
4	"	"	"	"	10	5.90	34.342	1027.05	5.898	84.81
4	"	"	"	"	20	5.92	34.357	1027.06	5.895	84.81
4	"	"	"	"	27	5.99	34.395	1027.08	5.833	84.08
5	13	64 10.86	21 58.84	14.49	0	5.81	34.332	1027.05	5.847	83.89
5	"	"	"	"	5	5.86	34.336	1027.05	5.907	84.85
5	"	"	"	"	10	5.85	34.341	1027.05	5.809	83.43
6	18	64 10.78	21 59.37	15.13	0	5.87	34.332	1027.04	5.903	84.81
6	"	"	"	"	5	5.88	34.334	1027.04	5.862	84.24
6	"	"	"	"	10	5.94	34.396	1027.08	5.874	84.57
6	"	"	"	"	16	5.97	34.394	1027.08	5.863	84.47
7	18	64 10.70	21 59.89	15.45	0	5.81	34.319	1027.04	5.898	84.61
7	"	"	"	"	5	5.88	34.323	1027.03	5.940	85.36
7	"	"	"	"	10	5.93	34.369	1027.06	5.868	84.45
7	"	"	"	"	16	5.95	34.414	1027.10	5.872	84.57
8	13	64 10.55	21 59.18	16.05	0	5.76	34.336	1027.06	5.862	84.01
8	"	"	"	"	5	5.87	34.342	1027.05	5.782	83.08
8	"	"	"	"	10	5.87	34.342	1027.05	5.880	84.49
9	12	64 09.98	21 58.83	16.27	0	5.76	34.292	1027.02	5.899	84.51
9	"	"	"	"	5	5.78	34.297	1027.03	5.873	84.18
9	"	"	"	"	10	5.82	34.351	1027.06	5.800	83.25
10	10	64 09.71	21 58.73	16.45	0	5.72	34.295	1027.03	-	-
10	"	"	"	"	5	5.74	34.323	1027.05	5.806	83.16
10	"	"	"	"	8	5.82	34.341	1027.06	5.800	83.24
11	8	64 09.49	21 58.40	17.00	0	5.74	34.335	1027.06	5.884	84.28
11	"	"	"	"	5	5.78	34.342	1027.06	5.792	83.05
12	7	64 09.35	21 57.88	17.11	0	5.71	34.270	1027.01	5.712	81.73
12	"	"	"	"	5	5.74	34.290	1027.02	5.781	82.78

**Viðauki I Niðurstöður efnagreininga á sýnum frá rannsókn á sniði 8. nóvember.**

Stöð nr.	PO4 ( $\mu\text{mol/l}$ )	NH4 ( $\mu\text{mol/l}$ )	NO2 ( $\mu\text{mol/l}$ )	NO3 ( $\mu\text{mol/l}$ )	Si ( $\mu\text{mol/l}$ )	Heildarstyrkur uppl. sambanda		Styrkur í gruggi	
						P ( $\mu\text{mol/l}$ )	N ( $\mu\text{mol/l}$ )	P ( $\mu\text{mol/l}$ )	N ( $\mu\text{mol/l}$ )
1	0.64	1.1	0.44	9.9	8.4	0.73	15.2	0.14	2.3
1	0.72	1.0	0.42	9.9	8.4	0.76	14.2	0.12	1.5
1	0.72	1.0	0.42	10.0	8.4	0.76	14.0	0.10	1.9
1	0.79	1.1	0.42	10.0	8.4	0.79	14.2	0.10	1.9
1	0.76	1.1	0.40	9.8	8.4	0.77	14.0	0.10	1.6
1	0.77	1.1	0.40	9.8	8.5	0.86	13.9	0.16	1.9
2	0.55	1.5	0.44	10.0	8.8	0.88	15.5	0.11	2.3
2	0.74	1.6	0.42	10.0	8.8	0.83	15.3	0.11	2.2
2	0.75	1.5	0.44	10.0	8.8	0.70	15.1	0.09	1.6
2	0.75	1.5	0.44	10.0	8.7	0.83	15.0	0.09	1.8
2	0.72	1.1	0.42	9.8	7.8	0.77	14.3	0.12	1.9
3	0.74	1.7	0.46	10.0	9.5	0.86	15.2	0.09	1.9
3	0.54	1.7	0.46	10.0	9.5	0.86	14.6	0.08	1.2
3	0.60	1.7	0.46	10.0	9.5	0.83	15.1	0.08	1.0
3	0.55	1.7	0.42	10.0	9.1	0.86	14.8	0.09	1.3
3	0.70	1.6	0.42	9.8	8.5	0.83	14.1	0.17	1.7
4	0.74	1.8	0.42	9.9	9.6	0.83	14.5	0.11	0.9
4	0.73	1.9	0.42	10.0	9.6	0.83	14.3	0.09	0.1
4	0.75	1.8	0.44	10.0	9.6	0.83	13.9	0.09	0.9
4	0.75	1.7	0.44	10.0	9.3	0.83	14.3	0.10	1.1
4	0.69	1.6	0.40	9.4	9.0	0.82	15.9	0.15	1.2
5	0.78	1.9	0.44	9.6	9.6	0.72	15.5	0.13	1.2
5	0.81	1.9	0.42	9.8	9.7	0.82	15.6	0.18	1.1
5	0.79	2.0	0.42	9.6	9.9	0.83	15.9	0.29	2.1
6	0.62	1.8	0.44	9.8	9.6	0.78	14.4	0.10	0.8
6	0.71	1.8	0.44	9.5	9.6	0.79	14.8	0.10	0.8
6	0.76	1.5	0.40	9.5	8.9	0.81	13.7	0.17	1.3
6	0.79	1.4	0.40	9.5	8.8	0.82	14.0	0.05	4.4
